

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Bragfræðikennsla

Rannsókn á bragfræðikennslu á unglíngastigi

Guðbjörg Hrönn Björnsdóttir
160281-3089

Íris Helga Baldursdóttir
130580-4089

Kennaraháskóli Íslands
Grunnkólabraut
Mars 2008

Þakkarorð

Við viljum þakka þeim nemendum og kennurum sem tóku þátt í rannsókninni. Einnig viljum við þakka Ragnari Inga Aðalsteinssyni fyrir leiðsögnina, góðar ábendingar og fræðandi frásagnir á fundum okkar.

Guðbjörg Hrönn Björnsdóttir

Íris Helga Baldursdóttir

Ágrip

Rannsókn á bragfræðikennslu var framkvæmd á unglíngastigi í fimm grunnskólum í Hafnarfirði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf, áhuga og mikilvægi bragfræði að mati nemenda og kennara. Þá voru einnig kennsluhættir kannaðir auk þess sem námsgögn voru skoðuð. Spurningalistar voru lagðir fyrir bæði kennara og nemendur og niðurstöður birtar á myndrænu formi.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að kennarar höfðu nokkuð mikinn áhuga á að kenna bragfræði og fannst hún mikilvægur hluti af menningu íslensku þjóðarinnar. Nemendur sýndu aftur á móti minni áhuga en virtu þó fagið og vildu halda í vægi þess. Kennsluhættir voru ámóta á milli skóla. Kennarar lögðu áherslu á grunnþætti bragfræðinnar og notuðu mikið til sömu námsbækur.

Ekki er mikil fylgni á milli áhuga kennara og nemenda. Niðurstöður benda þó til að bragfræðin er ekki að hverfa úr grunnskólum né sem menningararfur þjóðarinnar.

Efnisyfirlit

Þakkarorð.....	2
Ágrip.....	3
Inngangur.....	6
1 Fræðilegur hluti.....	8
1.1 Skilgreining.....	8
1.2 Saga.....	9
1.3 Þróun bragfræðikennslu og staða hennar í dag.....	13
1.4 Aðalnámskrár 1999 og 2007.....	15
1.5 Jákvæð áhrif bragfræði á aðra þætti náms.....	16
2 Aðferð.....	18
2.1 Úrtak.....	18
2.2 Framkvæmd.....	19
3 Niðurstöður.....	20
3.1 Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum nemenda.....	20
3.2 Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum kennara.....	27
3.3 Samanburður á áhugasviði nemenda og kennara.....	32
4 Umræður.....	34
4.1 Sýn nemenda á bragfræði.....	35
4.2 Mat kennara á bragfræðikennslu.....	38
4.3 Áhugi nemenda og kennara á bragfræði.....	40
5 Hvað hafa þessar niðurstöður að segja um framtíðarhorfur bragfræðinnar?.....	41
6 Heimildaskrá.....	42
7 Fylgiskjöl.....	45
7.1 Spurningalistarnir – nemendur og kennarar.....	45
7.2 Bréf til skólastjórnenda.....	49
7.3 Töflur.....	50

Töflur

Töflur 1a og 1b. Niðurstöður úr spurningu 1, nemendur.....	21
Töflur 2a og 2b. Niðurstöður úr spurningu 2, nemendur.....	22
Töflur 3a og 3b. Niðurstöður úr spurningu 3a, nemendur.....	23
Töflur 4a og 4b. Niðurstöður úr spurningu 3b, nemendur.....	23
Töflur 5a og 5b. Niðurstöður úr spurningu 3c, nemendur.....	24
Töflur 6a og 6b. Niðurstöður úr spurningu 4, nemendur.....	25
Töflur 7a og 7b. Niðurstöður úr spurningu 5a, nemendur.....	26
Töflur 8a og 8b. Niðurstöður úr spurningu 1, kennarar.....	27
Töflur 9a og 9b. Niðurstöður úr spurningu 5, kennarar.....	29
Töflur 10a og 10b. Niðurstöður úr spurningu 6, kennarar.....	30
Töflur 11a og 11b. Niðurstöður úr spurningu 7, kennarar.....	31
Töflur 12a og 12b. Niðurstöður úr spurningu 8a, kennarar.....	32
Tafla 13. Niðurstöður á samanburði á spurningu 1 í báðum spurningalistum.....	33

Inngangur

Á síðustu árum hefur ein undirgrein íslenskunnar þurft að berjast meira fyrir tilvist sinni en margar aðrar. Þetta er ekki tröllvaxin grein en hefur að okkar mati mikið vægi fyrir Íslendinga þar sem hún er afar rótgróin og hefur í raun með ótrúlegum hætti náð að haldast í menningu okkar. Um er að ræða bragfræði sem rekja má aftur til landnámsmanna og reyndar lengra.

Þó svo að við höfum alist upp í sitthvorum landshlutanum er skáldskaparhefðin okkur vel kunn. Við ólumst upp við að virða þennan menningararf og lærðum að semja ljóð og vísur eftir bragfræðireglum. Á grunnskólagöngu okkar var frekar litlum tíma varið í bragfræðikennslu og má því að mestu leyti rekja kunnáttu okkar til foreldra og annarra ættingja. Áhugi okkar á bragfræðinni var ef til vill ekki meiri en unglunga í grunnskólum landsins í dag heldur hefur hann vaxið vegna aukinnar menntunnar og þess bakgrunns og hugarfars sem við ólumst upp við.

Það hafði viss áhrif á okkur að bragfræði var þáttur í uppeldi okkar þó svo að við værum ekki markvisst að rækta hann hjá okkur á unglingsaldri. Þegar maður er unglingur er tilgangur ekki augljós í öllu því sem lagt er fyrir. Þegar við eldumst tókum við eftir að við notum fleiri atriði úr náminu í víðara samhengi en við bjuggumst við og okkur verður ljóst notagildi þess í daglegu starfi. Við notum stærðfræði í matreiðslu, setningafræði til að semja bréf og setja saman hvers konar texta. Eins notum við stuðlasetningu og bragfræðireglur til að gera mál okkar áheyrilegra og áhrifaríkara.

Eftir því sem árin liðu og áhugi okkar á íslensku jókst fórum við að taka eftir áhugaleysi meðal jafnaldra og í raun fólks almennt á þessu viðfangsefni. Nú í dag heyrum við æ oftast raddir um tilgangssleysi þess að kynna sér og læra atriði eins og bragfræðireglur sem einkennast að einhverju leyti af hefð og fornum siðum. Lífsgæðakapphlaup og hraði í þjóðfélaginu hefur mjög líklega þessi áhrif að okkar mati. Fólk miðar áhuga sinn og lífsviðhorf við það sem það getur nýtt sér þá og þegar eða í nánustu framtíð. Það verður

að gefa eitthvað áþreifanlegt af sér og fólk gefur sér oft ekki tíma til að njóta þess huglæga eða fagurfræðilega.

Í ljósi þessa töldum við þörf á að rannsaka raunverulega stöðu bragfræðinnar í dag. Hvernig er kennslu háttáð, hver áhugi nemenda er og eins hvort kennarar hafi almennt áhuga á þessu efni. Sem verðandi kennarar vildum við vita hvort það væru raunhæf markmið að áhugi okkar muni endurspeglast í framtíðarnemendum okkar. Við ákváðum í framhaldi af þessum hugleiðingum að gera rannsókn meðal nemenda á unglíngastigi og kennara á þessu efni.

„En Suttungamjöd gaf Óðinn ásunum ok þeim mönnum, er yrkja kunnu. Því köllum vér skáldskapinn feng Óðins ok fund ok drykk hans ok gjöf hans ok drykk ásanna.“ (Snorri Sturluson 2003:92).

1 Fræðilegur hluti

1.1 Skilgreining

Innan bókmenntafræðinnar er grein sem kallast bragfræði. Hún byggir á reglum og formseinkennum hefðbundinnar vísnagerðar. Hún leggur línurnar um hvernig skuli byggja upp hefðbundin ljóð og hvaða hugtök og heiti séu notuð við greiningu slíks kveðskapar. Helstu hugtök bragfræðinnar eru ljóðstafir, hrynjandi, kveður og rím auk þess sem mikilvægt er að hafa vald á kenningum, heitum og myndmáli (Bragfræði 2007). Ort er undir margskonar bragarhátum og eru einkenni þeirra mismunandi (Sveinbjörn Beinteinsson 1985:1-77). Hægt er að greina á milli bragarhátanna, m.a. eftir línufjölda, fjölda atkvæða innan braglína, stöðu ríms og fleiri þáttum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1991a:47). Fjöldi bragarhátta sem tilheyra íslenskum kveðskap er enn ekki ljós (Bragfræði 2007). Nú á dögum eru algengustu bragarhættir í flokknum rímnahættir sem hefur að geyma t.d. ferskeytlu, stafhendu og braghendu (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1998:34). Fyrr á öldum voru aftur á móti algengari bragarhættirnir dróttkveða, ljóðaháttur og fornyrðislag (Bragfræði 2007).

Ljóðstafir skiptast í tvo flokka, stuðla og höfuðstafi. Í dag er stuðlun séríslenskt einkenni sem ekki er að finna í kveðskap annarra þjóða. Stuðlun lýsir sér þannig að sami eða svipaður bókstafur er í upphafi áhersluorða sem standa með stuttu millibili. Stuðlar eru í fyrri áhersluorðum og þeim fylgir höfuðstafur sem kemur oftast í næstu braglínu á eftir (Óskar Halldórsson 1977:23). Taktur í ljóðlist og öðrum bókmenntagreinum kallast hrynjandi. Í íslensku er áhersla alltaf á fyrsta atkvæði orða og er því auðvelt að finna takt orðaraða (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1998:7). Orð sem hafa líkan hljóm og svipaða uppbyggingu eru sögð ríma. Til er margs konar rím s.s. hálfím, alrím, endarím og innrím. Allt fer þetta eftir því hvernig orðin ríma og hvar þau eru staðsett í ljóði. Rím er eitt þeirra einkenna sem greinir á milli bragarhátta (Óskar Halldórsson 1977:27).

Myndmál er yfirheiti ýmissa líkinga og mynda í skáldskap. Skáld nota þetta til að gera yrkisefni sín áhrifaríkari fyrir lesendur og ná fram vissum blæ í ljóði. Með myndmáli getur skáldið haldið lesanda hugföngnum frá upphafi til enda og vísað til áður þekkttra fyrirbæra eða sagna. Dæmi um myndmál er bein mynd, viðlíking, myndhverfing og vísun (Bragi Halldórsson 1994:53).

Allt frá upphafi hafa kenningar einkennt íslenskan skáldskap. Þar sem kenningar eru undirflokkur myndmáls er oft lítill munur á þeim og myndhverfingum. Dæmi um einfaldar kenningar eru túnfótur og stólarmur. Þar er nafnorðum líkt við sköpulag manns (Bragi Halldórsson 1994:56). Heiti og kenningar eru tengd hugtök. Heiti kallast þau orð sem ekki eru algeng í daglegu tali en notuð eru í kveðskap til að ná ákveðinni stemmningu eða atkvæðafjölda. Man, jór og gumi eru dæmi um heiti í skáldskap (Jón Ingvar Jónsson 2005).

1.2 Saga

Óljóst er hvenær fyrsti vísir að bragfræðireglum komu fram, hvaðan þær komu og hver ástæða tilurðar þeirra er. Í elstu ritum Íslendingasagna má sjá ort undir stífum reglum stuðlasetningar og er því öruggt að þetta form er ævafornt. Engar heimildir virðast vera til um hvenær eða hvar þessar hefðir urðu til né hverjir upphafsmenn þeirra voru. Eins er ekki gott að segja hvers vegna þær hafa fylgt íslensku þjóðinni og kveðskap hennar til dagsins í dag (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004a:86).

Um allan heim er að finna mismundandi reglur í kveðskap hvað varðar stuðlun og hrynjandi, þó hvergi sömu reglur og við þekkjum hér á landi. Við drögum okkar reglur frá forn germönskum fræðum þar sem hrynjandi einkenndist af mismunandi lengd orða og ákveðin stuðlasetning fylgdi. Elsta heimild germanskrar bragfræði er Háttalykill Rögvalds Orkneyjarjarls og Halls Þórarinssonar og eru þær frá miðri 12. öld. Snorra-Edda inniheldur fyrstu norrænu bragfræðina og er hún talin vera frá byrjun 13. aldar (Jakob Bendiktsson 1998:48). En bragfræðin á sér lengri sögu en það, hún er talin hafa borist hingað til lands á 9. öld með landnámsmönnum en enginn veit með vissu hvaðan

hún er upprunin. Margar getgátur hafa hins vegar verið á lofti um upphaf hennar (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:17).

Eitt megininkenni hins íslenska kveðskapar hefur frá upphafi verið stuðlasetning. Stuðlasetningu er þó ekki eingöngu að finna í kveðskap heldur má einnig sjá hana í mörgum orðatiltækjum og málsháttum. Þá má einnig finna stuðlasetningu í gömlu lagamáli og telja sumir að hún hafi auðveldað mönnum að muna flókna lagatexta sem og löng kvæði (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:19). Aðrir fræðimenn vilja leita skýringar á stuðlasetningunni í frásögn er rituð var um 100 árum eftir Krist og fjallar um það hvernig Germanar leituðu fréttu. Enn aðrir telja að stuðlasetning hafi í raun verið ein gerð af rími, upphafsrim, en orðáherslan á fyrsta atkvæði hafi gert það að verkum að stuðlasetning varð fastur liður í kveðskap (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:20).

Á Íslandi eru bragfræðireglurnar enn þær sömu og þegar land var numið en þær voru algengar um alla Norður-Evrópu á þeim tíma. Íslendingar er eina þjóðin sem notar þessar reglur enn í dag. Í þýskum kvæðum má finna stuðlasetningu notaða til 9. aldar en eftir það hverfur hún alveg úr þýskum ritum. Á Norðurlöndunum má sjá stuðluð kvæði fram til 13. aldar og allt til 14. aldar á Englandi en eftir það heyrja þau sögunni til. Ýmsir fræðimenn hafa getið sér þess til að ástæða þessa brottfalls sé sú að nýir bragarhættir hafi komið fram þar sem stuðlasetning var engin en endarím hélt sér (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004a:86). Um sama leyti fékk íslenskur kveðskapur mýkri áferð sökum áhrifa frá þessum bragarháttum en auk þess áttu sönglög einhvern þátt í þeim breytingum (Jakob Benediktsson 1998:48).

Fræðimenn sem og aðrir hafa velt því fyrir sér hvers vegna stuðlasetning og aðrar bragfræðireglur hafi haldist í íslenskum kveðskap þegar aðrar þjóðir hafa týnt þeim niður og ólíklegt að einhlíta skýringu sé þar að finna. Þegar stuðlasetning lagðist af í Englandi, eða um 15. og 16. öld, lítur út fyrir að notkun á stuðlasetningu og bragfræðireglum hér á landi hafi aðeins hrakað. Þá var útlit fyrir að bragfræði Íslendinga færi sömu leið og í nágrannlöndunum (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:21). Oddur Einarsson biskup í Skálholti og Guðbrandur Þorláksson eru taldir hafa átt stóran þátt í því að svo varð ekki

og að bragfræðireglur héldust á Íslandi. Báðir gáfu þeir út rit þar sem hin íslenska stuðlasetninga var vegsömuð sem og hin mikla fjölbreytni í bragarháttum sem íslenskur kveðskapur innihélt. Þá gagnrýndu þeir báðir þann kveðskap sem ekki studdist við þessar fornu reglur og kölluðu afvegaleidda bragfræði og leirburð. Orð þeirra, sem og sterk áhrif fornmenntastefnunnar sem barst til Íslands eftir siðaskiptin, áttu ef til vill stærstan þátt í því að varðveita þær bragfræðireglur sem enn í dag eru við lýði og hafa lítið breyst í 1100 ár (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:21-22).

Á Íslandi á 17. - 19. öld var kveðskapur, rímna- og sögulestur mikið notaður til að létta fólki lund og stytta því stundir. Gripið var til kveðskaparins til skemmtunar í brúðkaupum, á fundum og öðrum samkomum. Á Alþingi þóttu mönnum fundarsetur langar og voru þá þar til gerð Alþingisskald fengin til að yrkja ljóð og vísur til að fara með öðrum til skemmtunar. Þessar vísur voru oftast en ekki um þingmenn, fjölskyldur þeirra og líf. Voru þær oft hafðar á gamansömum nótum og hæðst að þeim sem ort var um (Jónas Jónasson 1961:244).

Nytsemi ljóða var víðtækari fram að og á 19. öld en síðar meir. Fólk notaði ljóðin til ýmis konar afþreyingar og má þar til dæmis nefna hvernig braglistin nýttist til ræðuhalda, til að dreifa huganum við vinnu, við að leggja hluti á minnið sem og til að hvetja til dáða. Ort voru bréf í bundnu máli og var kveðskapurinn notaður til að kveðast á á mannamótum og setja saman ýmsa speki (Íslensk bókmenntasaga IV 2006:16).

Á dimmum vetrarkvöldum innan veggja heimilanna var ein helsta skemmtunin sú að fara með ljóð og kvæði, segja sögur og skanderast. Að skanderast er svipað því að kveðast á en er þó örlítið flóknara, vísur þurfa að byrja á sama bókstaf og vísan áður endaði á. Á þessum tímum voru þetta margra kvölda lotur þar sem fólk orti kvæðin oft jafnóðum og hélt þetta áfram þar til einhver var kveðinn í kútinn. Við slíkan rímnakveðskap var tíminn fljótur að líða og tóvinna og annað sem heimilisfólk sat við vannst fljótar. Annar áberandi þáttur sem hélt lífi í rímnakveðskap voru lausamenn sem nýttu veturna í að skrá niður kvæði og sögur. Þeir gengu svo á milli bæja og skemmtu heimilisfólki með kvæðum og rímum og fengu mat og húsaskjól að launum. Misjafnt var hversu vinsælir þessir

lausamenn og konur voru þar sem kveðskapur þeirra var ekki alltaf góður (Jónas Jónasson 1961:245-7).

Um aldamótin 1900 fór að bera á breytingum í kveðskap á Íslandi. Má að einhverju leyti rekja þær til ljóðabyltingar í Frakklandi þar sem hefðbundna ljóðið átti undir högg að sækja. Umrædd bylting hófst sökum breyttra þjóðfélagshátta og má sama segja um tilurð breytinganna hér á landi (Þorsteinn Þorsteinsson 2005:93). Fólki fór í meira mæli að flytjast á suðvesturhorn Íslands og þorpsmyndum jókst. Tæknibylting átti sér stað með breyttum viðhorfum og nýjum orðum og heitum. Í kjölfarið fóru íslensk skáld að reyna við nýtt og frjáltsara form ljóðagerðar (Íslensk bókmenntasaga V 2006:19).

Þetta frjáltsa form lýsti sér á þann hátt að allar hefðbundnar reglur voru settar til hliðar. Línulengd var óregluleg, fjöldi braglína í erindi var misjafn og stuðlasetning og rím voru ekki lengur forsenda í ljóðagerð. Ekki var allt tíundað í ljóðunum heldur kepptust skáldin við að setja meiningu sína fram á sem knappastan hátt og skilja lesandann eftir með sína túlkun á ljóðunum. Hugblærinn var annar. Í stað heillar myndar fékk lesandi búta sem honum var sjálfum ætlað að setja saman (Þorsteinn Þorsteinsson 2005:109-110). Tilraunir þessar áttu ekki upp á pallborðið hjá öllum og á fjórða áratug 20. aldar mættu þessi skáld mikilli andstöðu frá menntamönnum og rótgrónari skáldum (Íslensk bókmenntasaga V 2006:19). Þessi gagnrýni hafði misjöfn áhrif á róttækar tilraunir skáldanna. Sum þeirra hættu alfarið ljóðagerð á meðan önnur héldu sig við hið hefðbundna form. Þeir róttækustu gáfu sig þó ekki og þróuðu þessa stefnu enn frekar en þar sem andstaðan var það mikil treystu ekki allir sér til að yrkja undir eigin nafni (Íslensk bókmenntasaga V 2006:22).

Miklar hræringar og breytingar áttu sér stað í samfélaginu um miðja 20. öld. Pólítískar aðstæður og aukin gagnrýni ljóðskálda urðu til þess að kveðskapur breyttist til muna. Stórviðburðir eins og stríð, uppreisnir og átök í öðrum löndum gerðu það að verkum að viðhorf ungs fólks breyttist og það fór að yrkja ljóð sín í samræmi við það. Það vildi koma ádeilu og hugsjónum sínum til skila og gerði það með ljóðum og annars konar listsköpun. Orðanotkun var breytt og ljóðin urðu vopn skáldanna í þjóðfélagslegri

umræðu fremur en fagurfræðilegur óður til lands og náttúru (Eysteinn Þorvaldsson 1983:11-12,18).

Í kringum 1970 varð mikil breyting á ljóðaútgáfu hér á landi. Þá varð æ algengara að fólk kallaði sig ljóðskáld og samdi áfram óhefðbundin ljóð sem féllu ekki undir neinar reglur bragfræðinnar. Þessi ljóð gáfu skáldin út á eigin kostnað og seldu gestum og gangandi. Voru um 160 ljóðabækur gefnar út á árunum 1970-1980 af 101 skáldi og algengast var að hvert skáld gæfi aðeins út eina bók. Í mörgum tilvikum buðu gæði ljóðanna ekki upp á frekara framhald. Vandaður kveðskapur og afþreyingarljóð voru sett undir sama hatt og áttu ljóðin að vera það einföld að ekki vefðist fyrir neinum að skilja þau strax (Íslensk bókmenntasaga V 2006:375).

En þessar tölur segja auðvitað takmarkaða sögu um ljóðlistina sjálfa. Sannleikurinn er sá að mjög stór hluti af þessari framleiðslu er firna slakur hvernig sem á er litið. En þetta er að minnsta kosti mikil gróska, kannski einkennileg gróska þar sem ytri aðstæður virðast á margan hátt óhagstæðar. (Eysteinn Þorvaldsson:1983:10)

Þrátt fyrir innreið nútímaljóðanna fer þó fjarri að hefðbundin ljóðagerð hafi lagst af. Þrátt fyrir að vinsældir nútímaljóða hafi aukist á kostnað þess hefðbundna og það hlotið viðurkenningu hefur hefðbundna formið haldist nær óbreytt í um 1100 ár. Alltaf hafa verið uppi ljóðskáld sem hafa haldið í hefðina og með því sinnt þessum menningararfi (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004b:77-79).

1.3 Þróun bragfræðikennslu og staða hennar í dag

Í byrjun 20. aldar virtist fólk almennt kunna helstu bragfræðireglur. Átti það bæði við þegar það samdi sjálft eða las kvæði. Ekkert var gefið út af kennsluefni framan af né var þessi grein kennd í skólum. Upp úr 1950 kom þó út rit eftir Sveinbjörn Sigurjónsson þar sem hann tíundaði hugtök innan bragfræðinnar og útskýrði þau þannig að fólk gat frekar rætt um það sem það kunni fyrir (Sveinbjörn Sigurjónsson 1956). Kverið kom hinsvegar lítið að gagni þeim sem ekki kunnu bragfræði sökum þess hve sérhæft var skrifað um

hugtökin og ekki var mikið um lýsandi skýringar sem kenndu bragfræði. Ritið var það eina sem mátti sjá um bragfræðikennslu til ársins 1986. Þá kom út bókin Málvísi 3 eftir Indriða Gíslason en jafnvel þá var ekki nema einn kafli sem fjallaði um bragfræði (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2004a:86).

Frá lokum 9. áratugarins og til dagsins í dag hafa bækur Ragnars Inga Aðalsteinssonar verið nær þær einu sem taka bragfræðina sérstaklega fyrir. Hann hefur samið fjöldann allan af námsbókum, t.d. Bragfræði (1987), Bögubókina (1991), Suttung (1996), Ljóð í tíunda (1998) og Vísnaverkefni (2002). Að hans sögn hefur fyrsta bókin í þessari upptalningu notið mikilla vinsælda meðal íslenskukennara. Munur á þessari bók og því riti Sveinbjörns Sigurjónssonar sem kom út árið 1950 er mikill. Bók Ragnars Inga greinagóð og hnitmiðuð. Kaflarnir eru afmarkaðir svo lesandi ætti að ná vel tökum á því sem þar kemur fram. Hún er kennslufræðileg í byggingu sinni og skrifuð fyrir byrjendur bragfræðilistarinnar Aftur á móti miðar rit Sveinbjörns eins og áður sagði að því að skilgreina áður þekkt hugtök varðandi bragfræði og í raun ætluð þeim sem eru vanir að nota bragfræðina.

Ragnar Ingi leggur mikið upp úr verkefnum í flestum námsbókum sínum. Verkefni eru fjölbreytt og ættu því að ná til allra nemenda. Þau krefjast skilnings á því viðfangsefni sem tekið er fyrir í hverjum kafla. Bögubókin og Bögubósi sem henni fylgir eru mjög gott dæmi fyrir bækur af þessu tagi. Þar er hvert bragfræðilegt hugtak tekið fyrir og útskýrt með orðum og dæmum og nemandi gert kleift að nýta sér þekkingu sína strax (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1991a og 1991b). Slíkar æfingar festa þekkingu betur í minni og efla færni nemenda í viðkomandi viðfangsefni (Ingvar Sigurgeirsson 1999:70). Sömu sögu má segja um kennslubækurnar Suttung I og II. Þar eru í sömu bók útskýrð hugtök og verkefni tengd þeim. Þær bækur eru skýrar í uppsetningu, auðveldar til aflestrar og aðgengilegar (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1996a og 1996b).

Kennslubókin Ljóðmál eftir Braga Halldórsson og Knút S. Hafsteinsson fræðir nemendur um hefðbundna bragfræði líkt og þær bækur sem áður hafa verið taldar upp en þar er óhefðbundið form einnig tekið fyrir. Kynnt eru fyrir nemendum ýmiss konar stílbrögð og

myndmál sem nota má í hefðbundnum sem og óhefðbundnum skáldskap. Nemendur fá þar tækifæri til að kynna ljóðum frá mismunandi hliðum og þjálfast í að byggja óhefðbundin ljóð upp á sannfærandi hátt eins og þau hefðbundnu. Þannig geta þeir nýtt sér þekkingu sína á hinu hefðbundna formi til að setja fram áhrifamikil og minnistæð óhefðbundin ljóð (Bragi Halldórsson 1994).

1.4 Aðalnámskrár 1999 og 2007

Í Aðalnámskrá er bragfræðin tekin fyrir líkt og aðrir þættir íslenskunnar. Þar er tekið saman hvað skuli kenna innan fræðinnar og einnig að einhverju leyti hvaða leiðir má fara við það. Á það bæði við um námskrár frá árunum 1999 og 2007. Í Aðalnámskrá frá 1999 er strax í þrepamarkmiðum 1. bekkjar mælt til að nemendur fái þjálfun í að nota íslenska tungu á margvíslegan hátt, þ.á m. með rími og orðaleikjum (Menntamálaráðuneytið 1999:31). Er það stór þáttur í undirbúningi frekari bragfræðikennslu á eldri stigum grunnskólans og gegnum gangandi í þrepamarkmiðum annarra bekkja.

Bragfræði er gerð svipuð skil í þrepamarkmiðum 8., 9. og 10. bekkjar. Ætlast er til að grunnur sé lagður í 8. bekk og miða markmiðin að því að byggt sé ofan á hann í eldri bekkjum. Í þrepamarkmiðum 10. bekkjar er farið fram á að nemandi:

- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslu
- geti flutt bundið mál þannig að rím, stuðlar og hrynjandi njóti sín
- hlusti á úrval bókmenntaefnis, í bundnu og óbundnu máli
- geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- lesi og fjalli um fjölbreytt úrval ljóða eftir samtímahöfunda
- þekki og geti útskýrt mun á mismunandi bókmenntaformi; smásögu, skáldsögu, leikriti, heimildasögu, þjóðsögu, ævintýri, þulu, bréfi, dagbók, ljóði, prósaljóði og stöku
- geri sér grein fyrir hugtökunum laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið
- geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin rím, stuðlar, braglína, hrynjandi og endurtekning
- kannist við nokkra algenga bragarhætti

- þekki og geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls; beina mynd, líkingu, persónugervingu og myndhverfingu

(Menntamálaráðuneytið 1999:77-80)

Í Aðalnámskrá 2007 eru lokamarkmið íslensku sem greina á um það sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér á grunnskólagöngu sinni. Þar er einnig að finna áfangamarkmið fyrir 4., 7. og 10. bekk. Markmiðin í þessari námskrá eru opnari og taka yfir fjölbreyttari þætti. Þrepamarkmiðin eru ekki lengur til staðar. Meira virðist eiga að vinna út frá sjálfstæði nemenda auk þess sem kennari getur hugsanlega haft frjálsari hendur um hvað hann leggur áherslu á eða frá hvaða sviðum hann nálgast efnið. Í áfangamarkmiðum 10. bekkjar kemur fram að nemandi eigi að;

- skilja leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi
- geta notað algeng hugtök úr bragfræði í umfjöllun um bundið og óbundið mál
- hafa lært valin ljóð og fjallað um ýmis konar kveðskap

(Menntamálaráðuneytið 2007:18).

Í lokamarkmiðum er að finna eftirfarandi sem nemandi á að hafa tileinkað sér eftir grunnskólagöngu. Þar er ætlast til að nemandi:

- hafi flutt laust og bundið mál, sungið og leikið
- geti flutt ljóð utanbókar og sagt sögur eftir minni
- kunni nokkur valin ljóð utanbókar
- kunni að meta íslenskan menningararf og menningu annarra þjóða
- hafi góðan orðaforða og beiti ýmis konar stílbrögðum og myndmáli
- geti sett saman vísu og skrifað skáldlega texta frá eigin brjósti

(Menntamálaráðuneyti 2007:12).

Þrátt fyrir að ekki séu nákvæm þrepamarkmið er talað um að nemendur eigi að lesa ljóð og kynnast bragfræðilegum einkennum þeirra. Það ýtir enn frekar undir það að nemendur og kennarar eigi samkvæmt nýrri Aðalnámskrá að geta ákveðið á hvaða hátt þeir vilja nálgast efnið en því sé ekki stýrt í eina átt.

1.5 Jákvæð áhrif bragfræði á aðra þætti náms

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þjálfun á orðaforða, rími og annars konar notkun á tungumálinu sem heyrir undir bragfræðina geti ýtt undir málþroska barna. Börn eiga auðveldara með að þekkja máhljóðin og orðaforði þeirra eykst við að það að leika sér með rím. Hljóðkerfisvitund þeirra eflist sem leiðir til bættrar lestrargetu og færni í stafsetningu. Færni sem barn hlýtur á þessum sviðum fylgir því ævina á enda (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2005:53-55). Ef unglingar eru með góðan orðaforða og æfa sig að nýta hann í texta- og vísnagerð þroskast málfar þeirra og þeir verða betur máli farnir. Þeir eiga auðveldara með að setja saman bundið og óbundið mál, halda formlegar og óformlegar ræður og eru betur í stakk búnir til áframhaldandi náms.

2 Aðferð

Eins og fram hefur komið er markmið þessarar rannsóknar að kanna stöðu bragfræðinnar innan grunnskóla, hvernig kennslu er háttað og hver áhugi og viðhorf nemenda og kennara er á fræðunum. Notuð var megindleg rannsóknaraðferð við gagnasöfnun, með spurningakönnunum til að tryggja að mælitækið, spurningalistinn, myndi ávallt sýna áreiðanlegar niðurstöður. Lagðir voru spurningalistar fyrir bæði kennara og nemendur og niðurstöðurnar unnar út frá þeim. Í spurningalistunum voru lokaðar spurningar í meirihluta en þó nokkrar opnar spurningar þar sem það átti við. Lokaðar spurningar eru með fyrirfram ákveðnum svarkostum sem viðmælandi verður að nýta án frekari útskýringa. Með opnum spurningum geta svarendur tjáð sig frjálst um viðfangsefnið (Helga Jónsdóttir 2003:68). Með þeim: „...er einnig hægt að ná fram meiri dýpt í þá reynslu sem rannsökuð er auk þess sem niðurstöður þeirra geta styrkt tölulega greiningu á niðurstöðum. Þannig getur verið gagnlegt í lok viðtals, sem byggt hefur verið upp með lokuðum spurningum, að leggja fyrir opnar spurningar“ (Helga Jónsdóttir 2003:69).

2.1 Úrtak

Til þess að úrtakið endurspegladi sem best stöðu bragfræðinnar á höfuðborgarsvæðinu voru valdir skólar með tilliti til stöðu og búsetu nemenda. Að mati höfunda var marktækast að leggja rannsóknina fyrir skóla á svipuðum stað sem þjónustaði nemendur með svipaðan bakgrunn og búsetu. Því var ákveðið að leggja rannsóknina fyrir unglingadeildir í grunnskólum Hafnarfjarðar. Enn fremur er Hafnarfjörður ákjósanlegur vegna fjölda skóla þar. Að auki þar sem rannsóknin er hugsuð sem grunnur að frekari athugunum var ákveðið að byrja á minna svæði sem hugsanlega væri hægt að yfirfæra á stærra búsetusvæði.

Í Hafnarfirði eru níu grunnskólar, þar af sex með unglingastig. Lokaþýði rannsóknarinnar var í eftirtöldum skólum: Hvaleyrarskóla, Lækjaskóla, Setbergsskóla, Viðistaðaskóla, Öldutúnsskóla og Áslandsskóla. Í þessum skólum eru alls 1127 nemendur á unglingastigi

og 22 fagkennarar í íslensku. Því miður sáu skólastjórnendur Áslandsskóla sér ekki fært að taka þátt í verkefninu. Lagðir voru spurningalistar fyrir íslenskukennara í hverjum skóla og einn bekkjarhóp hjá hverjum. Úrtakið var frekar í minna lagi til að auðvelda úrvinnslu, en aðeins einn bekkjarhópur hjá hverjum kennara var valinn í stað allra á unglíngastigi þessara skóla. Kennarar sem tóku þátt voru 14 alls, 7 karlar og 10 konur. Alls svöruðu 300 nemendur spurningalistunum en þar af voru tveir spurningalistar ónothæfir í niðurstöður þar sem nemendur gleymdu að skrá kyn sitt. Strákar sem tóku þátt í verkefninu voru 145 og stelpur 153, alls 298.

2.2 Framkvæmd

Leitað var álit Persónuverndar vegna leyfa til að framkvæma rannsóknina sem vísaði á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Þar þótti ekki nauðsynlegt að leita álit hjá forráðamönnum sökum þess hve rannsóknin er almenns eðlis. Í kjölfarið var haft samband við skólastjórnendur hvers skóla fyrir sig sem gáfu veittu samþykki til að leggja spurningalista fyrir nemendur og kennara (sjá fylgiskjal-bréf til skólastjóra).

Þegar öll tilskilin leyfi voru komin var leitað upplýsinga um hverjir gætu tekið á móti höfundum í hverjum skóla fyrir sig. Höfundar lögðu rannsóknina sjálfir fyrir í fjórum skólunum en aðstoðarskólastjóri eins skóla tók það að sér að leggja hana fyrir þar sem hún taldi að það væri betra sökum þess að tími var naumur. Í þeim skólum sem höfundar fóru sjálfir í var rannsóknin kynnt vel bæði fyrir kennurum og nemendum áður en spurningalistar voru afhentir. Einnig var útskýrt fyrir nemendum hvað felst í hugtakinu bragfræði og farið var í gegnum vafaatriði ef einhver voru á spurningalistanum. Höfundar biðu á meðan nemendur og kennarar fylltu listana út sem var svo safnað saman í lokin.

3 Niðurstöður

Rannsóknin fólst í því að kanna viðhorf nemenda og kennara til bragfræði eins og áður sagði; leiðir kennara í kennslu, áhuga þeirra á faginu auk skoðana þeirra og þekkingar á stöðu bragfræði í aðalnámskrá. Áhugi nemenda var kannaður og þeir spurðir út í þekkingu sína og gildi þess að bragfræði sé kennd.


Hér á eftir eru niðurstöður úr rannsókninni. Þær eru settar upp í sömu röð og þær komu fram á spurningalistunum. Fyrst eru settar fram niðurstöður úr spurningalistum nemenda, þar næst kennara og að lokum samanburður á áhugasviði. Settar eru fram niðurstöður með myndrænni uppsetningu og greint frá þeim skriflega. Hluti taflanna er settur fram eftir fjölda svara nemenda eða kennara hverju sinni en einnig eru tölulegar upplýsingar í prósentum. Það er gert til að samanburður sé skýrari, þar sem mikill munur er á fjölda spurðra nemenda og kennara. Töflurnar sýna einfaldan og skýran samanburð en þó er rétt að taka fram að hæsta svarhlutfall nemanda var í Víðistaðaskóla og Setbergsskóla. Þess vegna geta myndrænar niðurstöður verið villandi fyrir augað og því eru settar fram greinabetri skýringar með hverri töflu. Allir spurningalistar voru nafnlausir en svarendur þurftu að greina frá kyni sínu. Spurningalistar nemenda innihéldu krossaspurningar og eina opna spurningu. Hjá kennurum voru spurningalistarnir með krossa-, kvarða- og opnum spurningum. Fjallað verður sérstaklega um úrvinnslu og niðurstöður opnu spurninganna.

3.1 Niðurstöður úr rannsókn á viðhorfum nemenda


Í spurningalista nemenda voru alls fimm spurningar. Ein þeirra skiptist í þrjú liði og önnur í tvo; eina krossaspurningu og lokaspurningu sem var opin. Svarmöguleikar voru í flestum tilfellum fimm þar sem „mjög mikill“ var efsti kostur og „enginn“ var neðsti kostur. Mið valmöguleiki var í öllum krossaspurningum hlutlaus eða „hvorki né“.

Fyrsta spurningin á listanum var um áhuga. Tilgangur þessarar spurningar var að sjá hvar áhugi nemenda á unglíngastigi liggur gagnvart bragfræði. Einnig settum við þessa spurningu fram til að bera saman við áhuga kennara og draga síðar af því ályktanir um tengsl þar á milli.

Tölur 1a og 1b (spurn. 1)



(1a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(1b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Á þessu má sjá að áhugi aðspurðra unglínginga á bragfræði virðist ekki vera mikill. Tæplega 40% af aðspurðum stúlkum eru hlutlausar en 30% stráka. Vegna mismikils fjölda nemenda milli skóla virðist munurinn á áhuga þeirra vera meiri og er því marktækara að horfa á töflu 1b í stað 1a til að sjá hvar áhuginn liggur í raun þar sem hún sýnir prósentur. Mikill meirihluti beggja kynja hefur ekki mikinn eða engan áhuga. Mun hærri prósentu stráka segist hafa mjög mikinn áhuga. Hins vegar segjast fleiri stelpur en strákar segjast hafa nokkuð mikinn áhuga.

Spurning tvö tók til vægis bragfræðikennslu í námi nemenda að þeirra mati. Þessi spurning vafðist fyrir mörgum þar sem þeir áttu erfitt með að skilja hvað átt var við með orðinu vægi. Það var útskýrt á þann hátt að spurt væri um hversu mikil áhersla væri lögð á bragfræði í kennslunni að þeirra mati. Svarmöguleikar voru frá því að vera of lítið vægi til þess að vera of mikið. Tilgangur þessarar spurningar var að finna út hvernig nemendur upplifðu fagið og hvort þeim fyndist áhersla á bragfræði vera of mikil eða of lítil í náminu.

Tölur 2a og 2b (spurn. 2)



(2a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(2b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Þessar niðurstöður gefa til kynna að lang flestum nemendum þykir áhersla á bragfræði í námi þeirra vera hæfileg. Eins gefur á að líta að heldur fleiri nemendum þykir áherslan vera of lítil en of mikil. Strákar eru töluvert hlutlausari en stelpur þegar kemur að þessari spurningu eða 35% á móti tæplega 5% stelpum. Þá finnst herra hlutfalli af strákum frekar mikil eða of mikil áhersla vera lögð á bragfræði heldur en stelpum.

Þriðju spurningu var skipt í þrjá liði. Inntak spurningarinnar var á hvaða þáttum innan bragfræðinnar nemendum þætti mikilvægast að öðlast þekkingu. Markmið þessarar spurningar er að öðlast vitneskju á því hvaða þættir í bragfræðikennslu nemendum þykir áhugaverðast að læra og hvort einhver þáttur sem spurt var um sker sig úr. Sömu svarmöguleikar voru í öllum liðum frá því að vera mjög mikilvægt til þess að hafa ekkert gildi. Í fyrsta lið var spurt um hversu mikilvægt nemendum þætti að þekkja reglur bragfræðinnar. Þar var átt við þá hæfni að geta séð hvort ljóð eru rétt kveðin og geta greint þau.

Tölur 3a og 3b (spurn.3a)



(3a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(3b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Samkvæmt þessum niðurstöðum er frekar jafnt hlutfall á milli þess að nemendur telji það nokkuð mikilvægt að þekkja reglur bragfræðinnar og að það hafi lítið gildi. Þó eru fleiri sem segja það nokkuð mikilvægt. Mun herra hlutfall stelpna tekur hér jákvæða afstöðu á meðan herra hlutfall stráka er heldur neikvæðara. Mun fleiri telja það ekkert gildi hafa að öðlast þekkingu á þessu atriði heldur en þeir sem segja það mjög mikilvægt.

Annar liður í þriðju spurningu var um hvað nemendum þætti um mikilvægi þess að geta ráðað orðum í vísur eftir bragfræðireglum. Þar er um að ræða næsta stig fyrir ofan að kunna eingöngu reglurnar þar sem þarna væru nemendur farnir að nota þær í fyrirfram tilbúnum verkefnum.

Tölur 4a og 4b (spurn. 3b)



(4a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(4b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Niðurstöður í þessum lið eru svipaðar og í lið a. Drengir hafa þó orðið hlutlausari í garð þessa þáttar og því hefur hlutfall þess flokks hækkað nokkuð. Enn eru stúlkurnar mun jákvæðari og þykir meira vert að geta notað bragfræðireglur. Um 20% stúlkna og drengja þykir það hafa lítið gildi að öðlast þekkingu á þessum þætti en um helmingi herra hlutfall drengja en stúlkna telur það ekkert gildi hafa.

Í þriðja og síðasta lið var spurt um mikilvægi þess að geta ort sjálfstætt um eigin hugðarefni eftir bragfræðireglum. Þessi liður tók saman þætti fyrri liða og við bættist sjálfstæði nemenda. Tilgangur spurningarinnar var að athuga hvort nemendur hafi löngun til að nýta sér bragfræðireglur sem eigið tjáningarform.

Tölur 5a og 5b (spurn. 3c)



(5a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(5b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)

Hér virðast bæði kynin vera hlutlausari en áður. Líðlega 30% stráka og svipaður fjöldi stelpna segir sig vera hlutlaus. Stærri hlutfall sýnir jákvæða afstöðu en neikvæða. Strákum finnst það hafa minna vægi að geta ort sjálfstætt en stelpum en það eru svipuð hlutföll og í lið b.


Fjórða spurning fór meira inn á áhugasvið nemenda en spurning þrjú. Hún var opnari en 3c þar sem nú var spurt um hversu mikinn áhuga nemendur hefðu á að semja ljóð, óhefðbundin eða hefðbundin. Tilgangur spurningar var að sjá hvort nemendur hefðu

hugsanlega áhuga á að yrkja ljóð almennt til samanburðar við að læra bragfræðireglur. Mælikvarði var frá því að nemendur hefðu mjög mikinn áhuga til að þeir hefðu engan.

Tölur 6a og 6b (spurn. 4)



(6a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(6b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Niðurstöður sýna að nemendur hafa mjög lítinn áhuga á að yrkja ljóð. Strákar höfðu meiri áhuga á bragfræði samkvæmt spurningu eitt, stelpum fannst mikilvægara að læra bragfræði samkvæmt liðum spurningar þrjú og nú samkvæmt þessari spurningu eru stelpur áfram í meirihluta jákvæða hópsins. Afgerandi er að strákar hafi engan áhuga á að yrkja ljóð.

Fimmta og síðasta spurning nemenda var í tveimur liðum og þar var menningararfur tekinn fyrir. Annar liðurinn var krossaspurning þar sem athugað var hversu mikilvægt nemendum þætti að halda í menningararfinn sem bragfræðin er. Þar voru valmöguleikar fimm eins og áður, frá því að vera mjög mikilvægt til þess að hafa ekkert gildi.

Tölur 7a og 7b (spurn. 5a)



(7a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)



(7b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)

Nemendur virðast mjög jákvæðir í garð þess að halda eigi í menningararfinn samkvæmt þessum niðurstöðum. Langflestum þykir nokkuð eða mjög mikilvægt að við glötum ekki bragfræðinni úr þjóðlífinu. Í heildina sögðu 26% þetta vera mjög mikilvægt, þar af 12% drengir og 14% stúlkur á meðan 34% drengja og 39% stúlkna sögðu þetta nokkuð mikilvægt en það eru 73% af heildarfjölda.

Spurning 5b var opin spurning. Þar voru nemendur beðnir um að rökstyðja svar sitt í lið 5a. Hvers vegna þeim þætti mikilvægt eða ekki mikilvægt að halda í menningararfinn. Tilgangur þessarar spurningar var að fá nemendur til að hugsa um hverju þeir væru að svara og hvers vegna þeir hefðu þessa skoðun. Einnig að fá fram afstöðu nemenda með þeirra eigin orðum. Úrvinnsla þessarar spurningar var með öðrum hætti en annarra spurninga. Flokkuð voru svör nemenda eftir innihaldi. Úr urðu sex flokkar, þ.e. almennt jákvætt viðhorf, hvorki né eða hlutleysi, ógildir og þrjár neikvæðir flokkar. Neikvæðum var skipt í þrjá liði, þ.e. áhugaleysi á faginu, tilgangsleysi með að læra bragfræði m.t.t. framtíðarhorfa og að lokum þar sem nemendur lýstu eingöngu hversu leiðinlegt þeim þætti fagið. Í jákvæða flokknum voru tekin saman atriði þar sem nemendum þóttu mikilvægt að hafa bragfræði áfram hluta af íslenskukennslu. Fundu þau til skyldu sinnar til að koma menningararfinum til komandi kynslóðar og vildu halda í gamlar hefðir. Eins útlustuðu þau áhuga sinn á bragfræði sökum þess að þeim þætti hún skemmtileg.

Niðurstöður á spurningu 5b í prósentum:

- Jákvætt viðhorf stelpna var 45,75% og stráka 44,83%.


- Hlutlaus svör stelpna var 16,99% og stráka 11,72%.
- Áhugaleysi stelpna var 8,50% og stráka 7,59%.
- Stelpum sem fannst þetta tilgangslaust voru 16,34% og strákar 18,62%
- 6,54% stelpna fannst þetta leiðinlegt og 9,66% stráka.
- Auð og ógild svör voru 5,88% hjá stelpum og 7,59% hjá strákum.

3.2 Niðurstöður rannsóknar á viðhorfum kennara


Spurningalisti kennara samanstóð af átta spurningum. Einni spurningu var skipt í tvo liði, önnur krossaspurning og hin opin. Þar að auki var ein kvarðaspurning, tvær opnar og fjórar krossaspurningar. Svarmöguleikar í krossaspurningum voru ávallt fimm nema í einu tilviki þar sem aðeins var spurt já eða nei. Eins og hjá nemendum var efsti kostur mjög mikill og neðsti enginn. Mið valmöguleiki var ávallt hlutlaus eða hvorki né.

Fyrsta spurningin var um áhuga á bragfræði. Þar var tilgangurinn sá sami og hjá nemendum að athuga hvar áhugi svarenda lægi á þessu fagi. Ákvörðun að spyrja báða hópa þessarar spurningar lá í að geta borið niðurstöður hennar nákvæmlega saman eins og áður sagði.

Tölur 8a og 8b (spurn. 1)



(8a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)



(8b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Kennarar virðast almennt vera nokkuð áhugasamir um bragfræði. Fleiri karla hafa mjög mikinn áhuga og dreifast á jákvæðari hluta stöplaritsins. Konurnar eru fleiri en sýna þó ekki eins mikinn áhuga og karlar. Langflestar, eða sex, hafa þó nokkuð mikinn áhuga en andstætt körlum er ein sem segist ekki hafa mikinn áhuga. Tveimur fleiri kvenna en karla eru hlutlausar í þessari spurningu.

Næsta spurning er já og nei spurning þar sem spurt er hvort viðkomandi kenni bragfræði. Tilgangur þessarar spurningar var eingöngu sá að sjá hverjir svarenda væru að kenna þetta fag. Útkoma þessarar spurningar ákvarðaði frekari svörun hjá kennurum þar sem sleppa mátti næstu tveimur spurningum ef svar var neikvætt í þessari. Næstu tvær spurningar fjölluðu um bragfræðikennslu og höfðu kennarar ekki forsendur til að svara þeim ef þeir kenndu ekki fagið. Allir aðspurðra kenndu bragfræði samkvæmt niðurstöðu þessarar spurningar. Þar af leiðandi svöruðu allir spurningum þrjú og fjögur.


Þriðja spurning var um hvaða bækur kennarar notuðu í bragfræðikennslu sinni. Þessi spurning var opin. Ætlunin með þessari spurningu var að sjá hversu mikið efni væri í notkun, hvort kennarar væru að nýta útgefnar bækur eða hvort þeir væru að búa til sín eigin verkefni. Eins til að sjá hvort einhver ein kennslubók væri algengari í kennslu en aðrar. Í ljós kom að meirihluti kennara notuðu verkefnahefti sem þeir sjálfir höfðu tekið saman. Mest notaða kennslubókin var Ljóð í tíunda eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson. Þá komu einnig Bragfræði, Suttungur, Ljóðspeglar og Kennslubók í málvísi og ljóðlist hver um sig þrisvar fram í niðurstöðum. Aðrar kennslubækur sem kennarar nefndu voru Vísnaverkefni, Íslenska eftir Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr og Mályrkja. Að lokum voru tveir kennarar sem nefndu Vallaskólaleiðina sem kennsluaðferð.

Fjórða spurning var einnig opin spurning þar sem spurt var hverskonar verkefni kennarar legðu fyrir nemendur sína í bragfræðikennslu. Tilgangur spurningarinnar var að fá skýrari mynd af því hvernig bragfræðikennslu væri háttað í þessum skólum og hvaða leiðir kennarar færu helst og hvar þeirra áherslur lægju. Niðurstöðurnar voru svipaðar á milli kennara. Mest áhersla var lögð á greiningu ljóða en þó var misjafnt á hvaða greiningaratriði áherslan væri. Flestir nefndu algenga greiningu hefðbundinna ljóða s.s.


rím, ljóðstafi og kveður. Einnig voru þó nefnd atriði á borð við bragliði, bragarhætti, hrynjandi, áherslur og merkingu ljóða. Aðrar leiðir sem einn til tveir kennarar sögðust nota voru að láta nemendur semja ljóð frjálst, semja ljóð eftir réttum bragfræðireglum og þjálfast í upplestri ljóða. Kynningar á ungum skáldum og notkun á íslenskum dægurlagatextum komu hvort einu sinni fram sem og notkun á íslenskum stökum og ljóðum. Kennsla með verkefnum úr námsbókum kom fjórum sinnum fyrir.

Spurning fimm var kvarðaspurning. Spurt var um hvaða markmið í bragfræðikennslu kennurum þætti mikilvægast. Svarmöguleikar voru þrír og voru kennarar beðnir um að númera þá frá einum upp í þrjá eftir hversu mikilvæga þeir töldu þá vera. Talan einn táknaði mikilvægasta markmiðið. Svarmöguleikarnir sem kennarar voru beðnir um að raða upp voru í fyrsta lagi að þekking nemenda einskorðist við grunnreglur, í öðru lagi að nemendur geti raðað orðum í vísu eftir bragfræðireglum og í þriðja lagi að nemendur geti ort sjálfstætt um eigin hugðarefni eftir bragfræðireglum. Tilgangur þessarar spurningar var að sjá til hversu mikils kennarar ætluðust af nemendum með kennslu sinni, þ.e. hvort þeir vilji að nemendur læri reglur eftir bókinni eða hvort þeir geti einnig nýtt sér þær við eigin sköpun.

Tölur 9a og 9b (spurn. 5)



(9a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(9b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tveir karlar og ein kona svöruðu ekki þessari spurningu og þ.a.l. voru aðeins fjórtán svör. Hér eru niðurstöður þess hvaða markmið kennarar settu í fyrsta sæti. Sjö segja


mikilvægast að þekking nemenda takmarkist við bragfræðireglurnar og sjö segja að nemendur eigi að geta ort sjálfstætt um eigin hugðarefni. Enginn segir það mikilvægast að nemendur geti raðað orðum í vísur eftir bragfræðireglum. Körlum þykir mikilvægara að nemendur geti ort sjálfstætt um eigin hugðarefni og leggja þar af leiðandi meiri áherslu á að þeir geti nýtt sér þekkingu sína utan námsbóka. Konur leggja aftur á móti meiri áherslu á grunnþættina og telja mikilvægara markmið að nemendur einskorði þekkingu sína við þá.

Í spurningu sex var spurt hvort viðkomandi myndist mikilvægt að kenna bragfræði. Var sú spurning sett fram með það fyrir augum að sjá hvort kennarar væru að kenna bragfræði af skyldu einni saman eða einnig áhuga.

Tölur 10a og 10b (spurn. 6)



(10a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(10b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)


Lang flestum kennurum þykir nokkuð mikilvægt að kenna bragfræði. Tveir eru hlutlausir gagnvart því og einni konu finnst það hafa lítið gildi. Tveimur körlum þykir mjög mikilvægt að kenna þetta fag á móti einni konu.

Sjöunda spurning er um hversu mikil áhersla kennurum finnst vera lögð á bragfræði í nýrri Aðalnámskrá. Ætlunin með því var að fá álit kennara á vægi bragfræðinnar þar og athuga um leið hvort þeir hafi kynnt sér nýju námskrána.

Tölur 11a og 11b (spurn. 7)



(11a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(11b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)


Samkvæmt svörum þessarar spurningar eru nær allir kennarar hlutlausir. Tveir karlar taka þó afstöðu til þess að það sé of lítil áhersla lögð á bragfræðina í nýrri Aðalnámsskrá á meðan tveimur konum þykir hún hæfileg.

Áttunda og síðasta spurningin var í tveimur liðum. Fyrri liðurinn var krossaspurning og sá síðari opin spurning. Með krossaspurningunni var spurt hversu mikið kennurum þætti menningararfinum vera sinnt. Efsti valmöguleiki að þessu sinni var „mjög vel sinnt“ og neðsti „ekkert sinnt“. Eins og fyrr var miðju valmöguleikinn hlutlaus. Með þessari spurningu var ætlunin að fá fram skoðanir kennara á meðferð menningararfsins og um leið skoða stöðu hans.

Tölur 12a og 12b (spurn. 8a)



(12a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)



(12b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)


Tæplega helmingur kennara svarar á þá lund að menningararfinum sé nokkuð vel sinnt. Mun fleiri konur en karlar eru hlutlausar gagnvart þessari spurningu eða fjórar á móti einum. Fleiri körlum en konum finnst þessum arfi of lítið sinnt, þ.e. þremur á móti einni.

Seinni liður spurningar átta er opin spurning sem tengist fyrri liðnum. Þar var spurt á hvaða hátt kennurum finnst menningararfinum vera sinnt eða ekki sinnt. Tilgangurinn var að fá betri innsýn í svör kennara í lið a og að leyfa þeim að rökstyðja svar sitt. Niðurstöður voru þær að kennarar miðuðu svör sín mjög út frá eigin kennslu og háttum innan þeirra skóla. Minnst var á að kennsla væri stundum of þurr og möguleikar á að tengja þetta við aðrar námsgreinar ekki alltaf nýttir auk þess sem hafa mætti kennsluáðferðir frjálsari. Fram kom í svörum frá einum skóla að þar væri bragfræðikennsla gert mjög hátt undir höfði og vildu þeir ekki sjá hana hverfa úr skólalastarfi. Einn kennari vildi meina að menningararfinum væri sinnt með því að halda honum inni í skólalastarfi og taldi það vera gert nokkuð vel.

3.3 Samanburður á áhugasviði nemenda og kennara

Bæði nemendur og kennarar voru spurðir um áhuga þeirra á bragfræðinni eins og áður hefur komið fram. Til að tryggja greinagóðar niðurstöður er svörun þessara spurninga sett upp í sömu töflu. Með því má sjá skýran samanburð og mun.

Tafla 13



(Niðurstöður í prósentum eftir svörum hjá kennurum og nemendum)

Hér má sjá mikinn mun á svörum kennara og nemenda þar sem kennarar eru mun jákvæðari í garð bragfræðinnar. 18% kennara segjast hafa mjög mikinn áhuga á bragfræðinni á móti einungis 2% nemenda. Enn meiri mun má sjá á neikvæðni, þar sem 29% nemenda segjast ekki hafa neinn áhuga á bragfræði en enginn kennaranna setur svar sitt á þann kost.

4 Umræður

Hér verður fjallað um þau atriði sem vöktu athygli í rannsókninni varðandi bragfræðikennslu og áhuga nemenda og kennara á henni með tilliti til sögu bragfræði á Íslandi. Að mati höfunda er merkilegt að bragfræðihefðin er ekki sterkari í dag en raunin er miðað við hvað hún hefur haldist lengi meðal þjóðarinnar, nær óbreytt. Þó eru elstu bragarhætti enn að finna í nýjum ljóðabókum auk þess sem áhugi hagarðinga og ljóðskálda virðist alltaf vera til staðar.

Það var ekki fyrr en á miðri 20. öld sem bragfræðikennsla hófst. Fram að því lærði fólk þetta af þeim sem eldri voru án hefðbundinnar kennslu. Það er athyglisvert að mati höfunda en heimildir um hugsanlegar ástæður fyrir því hvers vegna bragfræðikennslu þurfti eru því miður af skornum skammti. Lítið hefur verið skrifað um þetta og rannsóknir virðast ekki hafa verið gerðar á þessu tiltekna efni. Ekki er þó ólíklegt að ástæðurnar hafi að einhverju leyti verið breyttar fjölskylduástæður þar sem fólk fluttist í þéttbýli í meiri mæli og viss upplausn kom í fyrri fjölskyldugerð. Fólk fór að vinna úti og minna varð um stórfjölskyldur. Þ.a.l. varð hættan meiri á að þekking á bragfræði myndi ekki flytjast áfram til næstu kynslóða. Að mati höfunda er hugsanlegt að viss hópur fræðinga hafi orðið áhyggjufullur af því að fólk hætti að þekkja bragfræðireglur og með tíð og tíma ekki getað samið hefðbundin ljóð, þ.e. að menningararfurinn myndi týnast. Ekki er ólíklegt að Sveinbjörn Sigurjónsson hafi verið með það í huga þegar hann samdi fyrstu námsbókina í bragfræði.

Bragfræðikennslu er, að mati höfunda, ekki gert mjög hátt undir höfði miðað við margar aðrar undirgreinar íslensku í Aðalnámskrám grunnskóla, hvort sem litið er á 1999 eða 2007. Þó má gleðjast yfir því að þegar endurbætur urðu á námskránni frá 1999 fannst ráðamönnum ekki óþarft að hafa bragfræðina inni. Eru markmið bragfræðinnar sett fram með skýrum hætti þó svo að ekki sé fjallað um hana í löngu máli. Aftur á móti má setja spurningamerki við þá breytingu að þrepamarkmið hafi horfið úr íslenskuhluta námskrárinnar með endurbótunum. Hugsanlegt er að kennurum þyki því greinin ekki jafn mikilvæg þar sem ekki er tíundað hvernig skuli kenna hana eins og gert var í námskránni

frá 1999. Þar sem gefið er visst frjálstræði við kennsluaðferðir er hætt á því að áhugi fari að hafa meiri áhrif á kennslu í bragfræði og ákvörðun um vægi hennar. Er það von höfunda að bragfræðin verði þó áfram þáttur íslenskukennslunnar sem kennurum þyki áhugaverður og mikilvægur að miðla til nemenda sinna. Það virðist vera raunin miðað við niðurstöðurnar úr spurningalistum kennara sem fjallað verður um hér á eftir.

4.1 Sýn nemenda á bragfræði

Við vinnslu á nemendahluta rannsóknarinnar var margt sem kom höfundum á óvart. Fyrst og fremst tóku nemendur skýrari afstöðu en búist hafði verið við. Höfundar óttuðust að nemendur ættu eftir að lýsa yfir hlutleysi sínu á efninu en raunin varð önnur. Það mátti sjá að þeir hugsuðu um það sem spurt var um og mynduðu skoðanir sínar út frá því. Þar má einnig nefna að við kynningu spurningalista í nemendahópum var algengt að nemendur þekktu ekki hugtakið bragfræði. Þeir tengdu það ekki við grunnatriði eins og rím, ljóðstafi og kveður sem þeir höfðu þó lært. Er það skoðun höfunda að kennarar séu líklega að flétta bragfræðina það vel inn í íslenskukennsluna að hún skeri sig ekki úr. Þess vegna viti nemendur ekki endilega yfirheitið heldur hugtök og reglur sem hlýtur að teljast mikilvægara.

Niðurstöður úr fyrstu spurningu í lista nemenda vekja athygli. Þar tóku strákar eindregnari afstöðu til fagsins og virtust þora að sýna skoðun sína frekar en stelpurnar sem voru hlutlausari. Miðað við þá umræðu sem höfundar hafa orðið vitni að þess efnis að strákum líki verr við bragfræði og íslenskufagið í heild komu þ.a.l. þær niðurstöður á óvart þar sem þarna svöruðu fleiri strákar til um að þeir hefðu áhuga á bragfræði.

Þegar nemendur voru spurðir um vægi bragfræðinnar í námi sínu og voru beðnir að segja til um hvort það sé of mikið eða lítið komu fram niðurstöður sem vert þykir að benda á. Heldur fleiri nemendum þótti áherslan vera of lítil en of mikil. Við fyrstu sýn má líta á það sem mjög jákvæða útkomu fyrir bragfræðina þar sem nemendur virðast vilja meiri kennslu. Við frekari ígrundun gæti það þó verið neikvætt ef nemendum þykir kennslunni ábótavant og mætti e.t.v. draga þá ályktun að ekki sé verið að mæta þörfum nemenda að

fullnustu á þessu sviði. Lang flestum nemendum fannst áherslan þó vera hæfileg sem hlýtur að vera gleðiefni. Engu að síður má hér sjá vissa mótsögn í svörum nemenda þar sem einungis 2% þeirra sögðust hafa mikinn áhuga á bragfræði.

Miðað við að strákar höfðu meiri áhuga á bragfræði en stelpur samkvæmt spurningu eitt stakk það í stúf við spurningu þrjú að þeir voru þó ekki á þeirri skoðun að mikilvægt væri að þekkja helstu reglur bragfræðinnar né að geta ort sjálfstætt. Þá höfðu þeir heldur lítinn áhuga á að semja ljóð, hvort sem var með hefðbundnum eða óhefðbundnum hætti. Má sjá á töflu 6b afgerandi neikvæða stöðu drengja til þess efnis.

Miðað við hvar nemendur staðsetja áhuga sinn á bragfræði (sjá töflu 1b) má gera ráð fyrir að þeir líti á þekkingu sína á bragfræði sem skyldu. Hugsanlegt er að þeir horfi almennt séð á námið út frá hvað nýtist þeim í prófum en hugsí síður um áhugasvið sitt. Þó að flestum þyki mikilvægt að læra ýmsa þætti innan bragfræðinnar (töflur 3b, 4b og 5b) þá hafa þeir samt sem áður lítinn áhuga á semja ljóð sjálfir (6b). Að mati höfunda eru það ekki góð tíðindi að sjá hversu neikvæðir nemendur eru gagnvart því að yrkja ljóð.

Ástæðurnar má án efa rekja til mjög breyttrar samfélagsgerðar þar sem bragfræðin á í samkeppni við gríðarlegt úrval af ýmiss konar afþreyingu. Það er hreinlega ekki í tísku að yrkja ljóð nema innan mjög afmarkaðra hópa. Unglingar eyða mörgum stundum fyrir framan sjónvarp og tölvu og þá helst í leikjum eða á þar til gerðum spjallsvæðum. Við það gæti orðaforði rýrnað og hætta orðið á að viss blogg og msn stafsetning festist í skrifum þeirra. Að mati höfunda gefa unglíngar sér einnig minni tíma fyrir eigin hugðarefni og skoðanir og fljóta ómeðvitað með straumnum.

Það sýndi sig enn frekar í spurningu fimm að nemendur hafi svarað spurningalistanum að vel íhuguðu máli. Þar kom fram viss samkennd nemenda til bragfræðinnar sem menningararfs okkar Íslendinga. Þeim fannst í flestum tilvika, yfir 70% af heildarfjölda, mikilvægt að halda í menningararfinn sem bragfræðin er með einu eða öðru móti. Þetta eru afar ánægjulegar niðurstöður.

Samkenndin endurtekur sig í jákvæðum svörum þeirra við opnu spurningunni en þau voru tæplega helmingur af öllum svörum. Eins og áður greinir var svörum skipt í sex flokka en fyrirfram var ekki búist við jafn jákvæðum svörum frá nemendum og raunbar vitni og eins kom rökstuðningur þeirra við spurningu 5a höfundum á óvart. Nemendur voru ekki að krossa eingöngu við einhvern valkost heldur sýndu að þeir höfðu ástæðu fyrir svarinu og höfðu greinilega flest íhugað afstöðu sína. Margir gerðu sér grein fyrir gildi bragfræðinnar fyrir íslenskuna, hversu stór hluti hún er af tungumálinu og menningunni. Þeir skildu mikilvægi þess að halda í þennan menningararf og að það væri að stórum hluta á þeirra ábyrgð að viðhalda þekkingunni.

Alveg eins og nemendurnir rökstuddu mikilvægi þess að halda í bragfræðina voru aðrir sem settu mál sitt skýrt fram um hvers vegna það væri ekki mikilvægt. Þar komu fram skoðanir eins og að bragfræðin myndi ekki nýtast þeim í frekara námi eða í atvinnulífinu. Túlka má að nemendur séu því miður oft og tíðum of peningamiðaðir og horfa á fög eins og bragfræði sem eitthvað sem muni ekki koma þeim í forstjórastólinn. Mikið er rætt um laun og lífsgæði í þjóðfélaginu og einblína nemendur oft á slíkar umræður. Einhverjir komu inn á að tilgangslaust væri að allir lærðu bragfræðina þar sem aðeins örlítill hluti myndi nýta sér þekkinguna síðar meir og margir komu með tillögu um að hafa þetta sem valfag. Eins og við var að búast voru þó nokkrir sem svöruðu af minni virðingu og áhuga.

Að mati höfunda hlýtur það að koma í hlut kennara að sýna nemendum fram á að bragfræðin sé ekki tilgangslaust; að opna augu þeirra fyrir þeim ótal mörgu þáttum þar sem hún getur á einn eða annan hátt nýst þeim og hjálpað. Áður var bent á að það muni koma að því að nemendur þurfi að setja fram texta á einhverju formi. Til að mál þeirra verði markvisst og áhrifaríkt er mikilvægt að þeir kunni reglur eins og þær sem eru innan bragfræðinnar. Fyrir utan notagildi er að sjálfsögðu mikilvægt að koma þekkingu til nemenda um söguna að baki bragfræðinni. Það hlýtur að teljast mikilvægt að varðveita menningararf sem hefur verið svona lengi meðal þjóðarinnar. Kennarar verða því að finna hjá sér þá ábyrgð og skyldu að sinna þessu hlutverki.

4.2 Mat kennara á bragfræðikennslu

Niðurstöður úr kennarahluta rannsóknarinnar voru nokkuð fyrirsjáanlegar en engu að síður gefa þær gleggri mynd af afstöðu kennara og þeim áherslum sem þeir leggja á bragfræði. Þó svo að svör þeirra hafi verið mjög jákvæð í heildina urðu höfundar fyrir nokkrum vonbrigðum þar sem vonast var eftir frekari rökstuðningi og meiri afgerandi áhuga og ástríðu fyrir faginu. Það kom því miður frekar út eins og þeir kenndu bragfræðina nær eingöngu af skyldu fremur en löngun.

Þrátt fyrir að jákvæðni hafi einkennt svör kennara um áhuga mátti þó sjá að konur sýndu meira afstöðuleysi gagnvart bragfræðinni. Karlar aftur á móti sýndu fræðunum mikinn áhuga og fannst mikilvægara að kenna hana. Við fyrstu sýn kom þetta höfundum á óvart þar sem við báðar höfðum kvenkyns íslenskukennara í grunnskóla. Hins vegar er það staðreynd að flestir þekktir hagröðingar eru karlmenn. Afar okkar og feður voru þeir sem kenndu okkur bragfræði í meiri mæli heldur en konur í fjölskyldunni. Að lokum má nefna að mikill meirihluti íslenskukennara í Kennaraháskólanum eru karlmenn og eru þessar niðurstöður því í takt við það umhverfi sem íslenskan og bragfræðin lifir í.

Það að meirihluti kennara sé að nota efni sem þeir búa sjálfir til vekur upp spurningar um hvort allt efni sé að komast til skila til nemenda. Það er þó alls ekki skoðun höfunda að einblína eigi á námsbækur og nota þær eingöngu en varhugavert getur verið að mismunandi hefti og verkefni séu notuð hjá hverjum kennara fyrir sig. Þá er hættan sú að kennarar fari eftir sínu áhugasviði og einhverjir fari hugsanlega einfaldari leiðir en ætlast er til. Engu að síður þegar skoðuð eru svör við spurningu fjögur, sem er um hvers konar verkefni kennarar leggja fyrir, kemur í ljós að allir kennarar leggja áherslu á sömu þætti, þ.e. greiningu ljóða fyrst og fremst, æfingu í að semja ljóð og upplestur þeirra. Nokkrir þeirra kennara sem tóku þátt í rannsókninni benda á að námsefnið sé nokkuð þurrt. Á hinn bóginn á það að mati höfunda að vera áskorun fyrir hvern og einn kennara að setja efnið fram á lifandi hátt og setja það á form sem höfðar betur til nemenda. Þar er hægt að nefna hugmyndir eins og að fá hagröðinga í heimsókn til að kveðast á, leyfa nemendum

að spreyta sig á að semja um sitt eigið líf og hugðarefni, nýta tónlist og leiklist til útskýringa á hugtökum og reglum og þannig mætti lengi telja.

Það vakti athygli að kennarar skiptast algjörlega í tvær fylkingar þegar kemur að fimmtu spurningu sem er kvarðaspurning. Búast mátti við að kennarar myndu taka afstöðu með því að nemendur ættu að geta raðað upp orðum eftir bragfræðireglum þar sem það endurspeglar helst þau verkefni sem sett eru fram í kennslubókum. Þvert á móti álitu kennarar það mikilvægast annars vegar að nemendur kynnu reglur bragfræðinnar og hins vegar að þeir gætu nýtt sér þær í eigin ljóðagerð. Það er hugsanlega vilji hluta kennaranna að skila eingöngu fræðslu miðað við það sem segir í Aðalnámskrá á meðan aðrir leggja sig enn meira fram við að efla notagildi bragfræðinnar í víðara samhengi.

Ef bornar eru saman niðurstöður nemenda úr spurningu þrjú (a-c) og kennara úr spurningu fimm kemur í ljós nokkuð ósamræmi. Sá liður sem kennarar merktu ekki við sem mikilvægan kom best út hjá nemendum þ.e. að nemendur vildu helst læra það sem kennurum fannst minnst vert að kenna. Það gæti verið að nemendur setji þennan lið sem mikilvægastan þar sem þarna er um að ræða verkefni sem þeir þekkja best, sbr. það sem bent var á hér að ofan. Þegar nemendur svöruðu spurningunni hafi þeir frekar merkt við það sem þeir teldu að þeir þyrftu að læra, miðað við áherslur í námsbókum, en að það hafi komið inn á áhugasvið þeirra.

Þegar kemur að spurningu sjö benda niðurstöður til þess að kennarar hafi ekki kynnt sér nýju námskrána nægilega vel. Mikill meirihluti er hlutlaus gagnvart vægi bragfræðinnar í Aðalnámskrá. Í fyrsta lagi er ekki víst að þeir séu búnir að gefa sér tíma til að skoða umrædda námskrá og í öðru lagi getur ástæðan verið sú að þeir hafi ekki leitað eftir bragfræðiumfjöllun í henni. Það er alla vega ekki hægt að líta það jákvæðum augum að þessi mál hafi ekki verið skoðuð hjá kennurum þar sem það sýnir ákveðið áhugaleysi í garð bragfræðinnar.

Í lokaspurningu rannsóknarinnar miðuðu kennarar svörin mikið til út frá sjálfum sér og sinni kennslu og þar með virðast þeir hafa misskilið spurninguna að einhverju leyti.

Markmiðið var að fá svar þeirra um hvernig málum væri háttað almennt í samfélaginu. Þeir aftur á móti rökstuddu svör sín með að telja upp það sem þeir væru að gera í sinni kennslu. Það kann að einhverju leyti að vera þeim að þakka að menningararfinum sé sinnt en ætlunin var að fá svörin í víðara samhengi.

4.3 Áhugi nemenda og kennara á bragfræði

Kennarar sýna afgerandi meiri áhuga á bragfræðinni en nemendur. Ástæður geta verið margvíslegar. Má þar nefna stóra þætti eins og aldursmun og menntun. Kennarar hafa valið sér það fag sem þeim þykir áhugaverðast og er bragfræðin hluti af því. Nemendur eru aftur á móti skyldaðir til að læra þetta burt séð frá áhuga eða löngun. Af þessu má draga þá dapurlegu ályktun að áhugi kennara er líklega ekki nægur til að kveikja einlægum áhuga nemenda á þessum fræðum.

5 Hvað hafa þessar niðurstöður að segja um framtíðarhorfur bragfræðinnar?

Ekki er hægt að alhæfa neitt um framtíð bragfræðikennslu út frá þessum niðurstöðum. Þó er ljóst að miðað við áhuga og sinnu kennara á þessu fagi megum við vera bjartsýn á að endalok hennar séu ekki nærri. Eins hefur bragfræðin nokkuð gott vægi í Aðalnámskrá þar sem hún er sett fram líkt og aðrar undirgreinar íslenskunnar. Þó svo að nemendur setji það ekki beint fram að þeir hafi áhuga á bragfræðinni sést samt á öðrum svörum þeirra að þeir virða fagið. Þeir vilja í miklum meirihluta að það haldist innan kennslunnar á einn eða annan hátt auk þess sem þeir sjá þýðingu þess að glata ekki niður þessum menningararfi úr þjóðfélaginu.

6 Heimildaskrá

„Bragfræði“. 2007. *Wikipedia, frjálsa alfræðiritið*.

<http://is.wikipedia.org/wiki/Bragfr%C3%A6%C3%B0i> [Sótt 23. janúar 2008].

Bragi Halldórsson og Knútur S. Hafsteinsson. 1994. *Ljóðamál, kver um bragfræði og stíl ljóða*. Mál og menning, Reykjavík.

Eysteinn Þorvaldsson. 1983. *Nýgræðingar í ljóðagerð 1970-1981*. Íðunn, Reykjavík.

Helga Jónsdóttir. 2003. „Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð“. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.) *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum*. Háskólinn á Akureyri, Akureyri.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluaðferðanna*. Æskan ehf., Reykjavík.

Íslensk bókmenntasaga IV. 2006. Guðmundur Andri Thorsson ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík.

Íslensk bókmenntasaga V. 2006. Guðmundur Andri Thorsson ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík.

Jakob Benediktsson. 1998. 3. útg. *Hugtök og heiti í íslenskri bókmenntafræðum*. Mál og menning, Reykjavík.

Jón Ingvar Jónsson. 1994-2005. „Heiti og kenningar“. *Bragfræði*.

<http://www.heimskringla.net/bragur/index.php> [Sótt 28. janúar 2008].

Jónas Jónasson. 1961. *Íslenskir þjóðhættir*. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. 1999. *Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska*. Reykjavík.

Menntamálaráðuneytið. 2007. *Aðalnámskrá grunnskóla, íslenska*.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf [Sótt 1. febrúar 2008].

Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1987. *Bragfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Sami. 1991a. *Bögubókin*. Iðnó, Reykjavík.

Sami. 1991b. *Bögubósi*. Iðnó, Reykjavík.

Sami. 1996a. *Suttungur I, kennslubók í bragfræði*. Iðnó, Reykjavík.

Sami. 1996b. *Suttungur II, kennslubók í bragfræði*. Iðnó, Reykjavík.

Sami. 1998. *Ljóð í tíunda*. Iðnó, Reykjavík.

Sami. 2002. *Vísnaverkefni*. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.

Sami. 2004a. „Bragfræðikennsla í grunnskólum“. Hrafnavingur *I*, bls. 86-95. Ritstj. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Kristján Jóhann Jónsson og Veturliði Óskarsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Sami. 2004b. *Frá Braga til Steins*. Óútgefin meistarpófrítgerð.

Sami. 2005. „Bragfræði og málþroski“. Hrafnavingur *II*, bls. 53-64. Ritstj. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Kristján Jóhann Jónsson og Veturliði Óskarsson. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Snorri Sturluson. 2003. *Snorra Edda*. Heimir Pálsson sá um útgáfu. Mál og Menning, Reykjavík.

Sveinbjörn Beinteinsson. 1985. *Bragfræði og háttatal*. Hörpuútgáfa, Akranes.

Sveinbjörn Sigurjónsson. 1956. *Bragfræði, handa miðskólum og gagnfræðiskólum*. Félagsprentsmiðjan hf., Reykjavík.

Þorsteinn Þorsteinsson. 2005. „Þankabrot um ljóðbyltingar“. *Són, tímarit um óðfræði*, bls. 87-138. Ritstj. Kristján Eiríksson og Þórður Helgason. Reykjavík.

7 Fylgiskjöl

7.1 Spurningalistarnir – nemendur og kennarar

Spurningalisti – nemendur.

Kyn:

Strákur ____ Stelpa ____

1. Hefur þú áhuga á bragfræði?

____ Mjög mikinn.

____ Nokkuð mikinn.

____ Hvorki né.

____ Ekki mikinn.

____ Engan.

2. Hversu mikið vægi finnst þér bragfræðikennsla hafa í námi þínu?

____ Of lítið.

____ Hæfilegt.

____ Hvorki né.

____ Frekar mikið.

____ Of mikið.

3. Hversu mikilvægt finnst þér að hafa þekkingu á eftirfarandi:

a. Að þekkja reglur bragfræðinnar.

____ Mjög mikilvægt.

____ Nokkuð mikilvægt.

____ Hvorki né.

____ Hefur lítið gildi.

____ Hefur ekkert gildi.

b. Að geta raðað orðum niður í vísur eftir bragfræðireglum.

- Mjög mikilvægt.
- Nokkuð mikilvægt.
- Hvorki né.
- Hefur lítið gildi.
- Hefur ekkert gildi.

c. Að geta ort sjálfstætt um eigin hugðarefni eftir bragfræðireglum.

- Mjög mikilvægt.
- Nokkuð mikilvægt.
- Hvorki né.
- Hefur lítið gildi.
- Hefur ekkert gildi.

4. Hversu mikinn áhuga hefur þú á að semja ljóð, óhefðbundin og/eða hefðbundin?

- Mjög mikinn.
- Nokkuð mikinn.
- Hvorki né.
- Ekki mikinn.
- Engan.

5.a. Hversu mikilvægt finnst þér að halda í þennan menningararf?

- Mjög mikilvægt.
- Nokkuð mikilvægt.
- Hvorki né.
- Hefur lítið gildi.
- Hefur ekkert gildi.

8.b. Hvers vegna finnst þér það mikilvægt/ekki mikilvægt?

Spurningalisti - kennarar

Kyn:

Karl ___ Kona ___

1. Hefur þú áhuga á bragfræði?

___ Mjög mikinn.

___ Nokkuð mikinn.

___ Hvorki né.

___ Ekki mikinn.

___ Engan.

2. Kennir þú bragfræði?

Já ___ Nei ___

Ef já þá svarar þú spurningum 2-4.

3. Hvaða bækur notar þú í bragfræðikennslu?

4. Hvernig verkefni leggur þú fyrir í bragfræðikennslu?

5. Hvert finnst þér mikilvægasta markmið kennslunnar?

Númerið frá 1-3 eftir hversu mikilvægt þér finnst eftirfarandi (þar sem 1 er mikilvægast).

___ að þekking nemenda á bragfræði einskorðist við grunnreglur.

___ að nemendur geti ráðað orðum niður í vísu eftir bragfræðireglum.

___ að nemendur geti ort sjálfstætt um eigin hugðarefni eftir bragfræðireglum.

6. Finnst þér mikilvægt að kenna bragfræði?

Krossaðu í það sem við á.

Mjög mikilvægt.

Nokkuð mikilvægt.

Hvorki né.

Hefur lítið gildi.

Hefur ekkert gildi.

7. Finnst þér vera lögð áhersla á bragfræði í nýju Aðalnámskránni?

Krossaðu í það sem við á.

Engin.

Of lítil.

Hvorki né.

Hæfileg.

Of mikil.

8.a. Hvernig finnst þér þessum menningararfí verið sinnt?

Mjög vel.

Nokkuð vel.

Hvorki né.

Of lítið.

Ekkert.

8.b. Á hvaða hátt finnst þér menningararfínum hafa verið sinnt/ekki sinnt?

7.2 Bréf til skólastjórnenda

Hafnarfjörður
13. nóvember 2007.

Kæri skólastjóri.

Við undirritaðar erum á þriðja ári á grunnskólabraut Kennaraháskóla Íslands. Í lokaverkefni okkar ætlum við að rannsaka bragfræðikennslu á unglingastigi og kanna viðhorf kennara og nemenda til bragfræðinnar. Til að fá sem marktækastar niðurstöður munum við einskorða rannsókn okkar við unglingastig grunnskóla í Hafnarfirði.


Við leitumst því eftir að fá heimild ykkar til að leggja spurningalista fyrir íslensku kennara á unglingastigi. Einnig þurfum við að fá leyfi til að leggja spurningalista fyrir einn bekk hjá hverjum kennara.

Við munum sjálfar koma og leggja listana fyrir. Best væri að fá að koma í vikunni 14.-18. janúar.


Með ósk um góðar viðtökur,
kveðjur,
Guðbjörg Hrönn og Íris Helga

7.3 Töflur

Töflur 1a og 1b (spurn. 1)




(1a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(1b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)

Töflur 2a og 2b (spurn. 2)





(2a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)



(2b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)



Töflur 3a og 3b (spurn.3a)



(3a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)

(3b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)



Tölur 4a og 4b (spurn. 3b)



(4a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)

(4b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)



Tölur 5a og 5b (spurn. 3c)



(5a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)

(5b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)


Tölur 6a og 6b (spurn. 4)




(6a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)

(6b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)

Tölur 7a og 7b (spurn. 5a)




(7a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(7b. Niðurstöður í prósentum eftir kyni)

Tölur 8a og 8b (spurn. 1)




(8a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(8b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tölur 9a og 9b (spurn. 5)




(9a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(9b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tölur 10a og 10b (spurn. 6)




(10a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(10b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tölur 11a og 11b (spurn. 7)




(11a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)




(11b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tölur 12a og 12b (spurn. 8a)




(12a. Niðurstöður í fjölda eftir skólum)



(12b. Niðurstöður í fjölda eftir kyni)

Tafla 13



(Niðurstöður í prósentum eftir svörum hjá kennurum og nemendum)